Fréttatilkynning:
Hagar hf. árshlutauppgjör 30. nóvember 2011

Árshlutareikningur Haga fyrir þriðja ársfjórðung rekstrarársins 2011-2012 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundi 27. janúar 2012. Reikningurinn nær yfir tímabilið 1. mars – 30. nóvember 2011. Rekstrarári Haga líkur í lok febrúar. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess og er hann gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Endurskoðendur félagsins hafa ekki kannað eða endurskoðað reikninginn.

Helstu upplýsingar:

- Hagnaður tímabilsins nam 1.867 millj. kr. eða 3,7% af veltu.
- Rekstrartekjur tímabilsins námu 49.898 millj. kr.
- Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) nam 3.083 millj. kr.
- Heildareignir samstæðunnar námu 24.650 millj. kr. í lok tímabilsins.
- Handbært fé félagsins nam 1.240 millj. kr. í lok tímabilsins.
- Eigið fé félagsins nam 5.696 millj. kr. í lok tímabilsins.
- Eiginfjárhlutfall félagsins var 23,1% í lok tímabilsins.

Vörusala félagsins nam 49,9 milljörðum króna, samanborið við 49,2 milljarða króna fyrir sama tímabil árið áður. Á síðasta rekstrarári var verslanakeðjan 10-11 hluti af samstæðunni á fyrstu sex mánuðunum. Að teknu tilliti til brotthvarfs á rekstri 10-11 nemur söluaukning félagsins 5,9% milli ára.

Afkoma félagsins fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta nam 3.083 milljónum króna, samanborið við 3.373 milljónir króna árið áður, en 10-11 var hluti af rekstri félagsins til loka ágúst 2010. Framlegð félagsins hefur dregist saman á milli ára, m.a. vegna hækkandi kostnaðarverðs.

Veruleg breyting er á fjármagnsliðum félagsins milli ára, sem skýrist bæði af einskiptisliðum og af hagstæðari lánakjörum. Á þriðja ársfjórðungi eru tekjufærðar 514 milljónir króna vegna endurútreiknings Arion banka á gengistryggðum lánum félagsins sem gerð voru upp árið 2009. Upphæðin er færð á fjármagnsliði og á móti meðal viðskiptakrafna sem krafa á bankann en í desember var hún nýtt til niðurgreiðslu langtímalána félagsins hjá Arion banka. Fjármagnsliðir eru 106 milljónir í fjármunatekjur samanborið við 1.459 milljónir í fjármagnsgjöld árið áður.

Hagnaður fyrstu 9 mánuði rekstrarársins fyrir skatta nemur 2.413 milljónum króna, samanborið við 1.018 milljónir króna árið áður. Hagnaður eftir skatta nemur 1.867 milljónum króna á tímabilinu, sem jafngildir um 3,7% af veltu.

Heildareignir samstæðunnar í lok tímabilsins námu 24.650 milljónum króna. Birgðir samstæðunnar ná hámarki í lok nóvembermánaðar ár hvert þar sem mikil innkaup og birgðasöfnun eiga sér stað fyrir jólavertíðina sem framundan er. Skýrir þetta að stórum hluta hækkun veltufjármuna frá lokum síðasta rekstrarárs í febrúar, þegar birgðastaða félagsins er í lágmarki.

Eigið fé félagsins er 5.696 milljónir króna og eiginfjárhlutfall 23,1% í lok tímabilsins. Heildarskuldir samstæðunnar eru 18.954 milljónir króna, þar af eru langtímaskuldir 11.303

milljónir króna. Nettó vaxtaberandi skuldir félagsins eru 9.987 milljónir króna. Innra virði hlutafjár í lok nóvember er 4,86 samanborið við 3,08 í lok síðasta rekstrarárs í febrúar 2011.

Handbært fé frá rekstri í lok nóvember 2011 var 1.863 milljónir króna samanborið við -236 milljónir króna á sama tímabili í fyrra. Handbært fé í lok tímabilsins er 1.240 milljónir króna samanborið við 212 milljónir í fyrra.

Horfur:
Horfur í rekstri félagsins eru góðar og rekstur félagsins skv. áætlunum. Almenn óvissa með efnahagsástand á Íslandi og þróun á ráðstöfunartekjum íslenskra heimila getur þó haft áhrif á rekstur félagsins. Engar óvæntar eða afgerandi breytingar hafa orðið á rekstri félagsins frá uppgjörsdegi til dagsins í dag. Þann 18. janúar gekk félagið að kauptilboði í rekstur Oasis verslana félagsins í Smáralind og Kringlunni. Kauptilboðið var samþykkt með fyrirvörum en brotthvarf Oasis verslananna hefur óveruleg áhrif á rekstur samstæðunnar.

Stjórn félagsins hefur markað þá stefnu að fjárfestakynningar verði haldnar eftir árs- og hálfsársuppgjör félagsins. Nánari upplýsingar veitir Finnur Árnason, forstjóri félagsins, í síma 530-5500.

Ársreikningur Haga hf.

Lykiltölur í millj. kr. – samstæða

Rekstrarreikningur

	2011/12	*2010/11*
	1.3. - 30.11	*1.3. - 30.11*
Vörusala	49.898	49.170
KSV	(38.103)	(36.908)
Heildarframlegð	***11.795***	***12.262***
Aðrar tekjur	77	71
Laun og launatengd gjöld	(4.561)	(4.492)
Annar rekstrarkostnaður	(4.228)	(4.468)
EBITDA	***3.083***	***3.373***
Óreglulegir liðir	--	(270)
Afskriftir	(776)	(629)
EBIT	***2.307***	***2.474***
Fjármunatekjur (-gjöld)	106	(1.456)
Hagnaður fyrir skatta	***2.413***	***1.018***
Tekjuskattur	(546)	(231)
Hagnaður (tap)	***1.867***	***787***
Hagnaður á hlut	***1,59***	***0,67***

Efnahagsreikningur

	2011/12	*2010/11*
	30.11	*28.2*
Eignir		
Fastafjármunir	12.914	12.810
Veltufjármunir	11.736	9.020
Eignir samtals	***24.650***	***21.830***
Eigið fé og skuldir		
Hlutafé	1.172	1.172
Annað eigið fé	4.524	2.440
Eigið fé samtals	***5.696***	***3.612***
Langtímaskuldir	11.303	830
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	664	11.497
Aðrar skammtímaskuldir	6.987	5.891
Skuldir samtals	***18.954***	***18.218***
Eigið fé og skuldir samtals	***24.650***	***21.830***

Sjóðstreymi

	2011/12	*2010/11*
	1.3. - 30.11	*1.3. - 30.11*
Handbært fé frá rekstri	1.863	(236)
Fjárfestingarhreyfingar	(874)	1.844
Fjármögnunarhreyfingar	(837)	(1.871)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	***152***	***(263)***
Handbært fé 1. mars	1.088	475
Handbært fé 30. nóvember	***1.240***	***212***

Breytingar á eigin fé

	Hlutafé	Yfirverðs-reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. mars 2011	1.172	1.272	1.168	3.611
Hagnaður tímabilsins			1.867	1.867
Aðrar breytingar á eigin fé			218	218
Eigið fé 30. nóvember 2011	1.172	1.272	3.252	5.696